

Þriðjudaginn 17. september 1991.

Nr. 277 og
278/1991.

Gerpír sf.

gegn

Kristjáni Wendel

og

Kristján Wendel

gegn

Gerpi sf.,

Magnúsi Guðjónssyni

og Ragnari Ingimarssyni.

Kærumál. Mat. Málsforræði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Kærðir eru tveir úrskurðir bæjarþings Reykjavíkur frá 20. júní sl. í bæjarþingsmálinu nr. 993/1990: Gerpír sf. gegn Kristjáni Wendel. Þeir Magnús Guðjónsson og Ragnar Ingimarsson eru dómkvaddir matsmenn í málinu.

I.

Annar úrskurðurinn varðar hæfi matsmanna og skyldur, framkvæmd starfa matsmanna, þóknun til þeirra, hvort þeir hafi metið það, sem meta átti, samkvæmt dómkvaðningu o.fl. Kristján Wendel kærði úrskurðinn þegar hinn 20. júní. Hann krefst þess, að Hæstiréttur breyti úrskurðinum og fallist á ýrtruðu kröfur hans í héraði. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu Gerpis sf. eru aðeins gerðar kröfur til kærumálskostnaðar, að því er þennan úrskurð varðar.

Matsmennirnir Magnús Guðjónsson og Ragnar Ingimarsson gera þá kröfu, að niðurstaða varðandi 2., 3. og 4. kröfulið í úrskurðinum verði staðfest, að því er þá varðar, og þeim dæmdur kærumálskostnaður.

II.

Gerpír sf. kærði hinn úrskurðinn þegar 20. júní sl. og Kristján Wendel 27. s.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo:

„Aðalmálinu er frestað, þar til niðurstaða Hæstaréttar varðandi kæru Kristjáns Wendels á úrskurðinum um matsgerð á dómskjali nr. 65 liggur fyrir.“

Af hálfu Gerpis sf. er þess krafist, að Kristjáni Wendel verði synjað um frekari fresti í aðalmálinu til að afla gagna og undirbúa kröfugerð í gagnsök.

Kristján Wendel krefst þess aðallega, að aðalmálinu verði frestað, þar til endanleg matsgerð liggur fyrir, en til vara, að frestsúrskurður bæjarþingsins verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

III.

Fyrirtalda úrskurðinum fylgja forsendur héraðsdóms. Kröfum Kristjáns Wendels og málavöxtum varðandi ágreining aðila um mat dómkvaddra matsmanna er þar lýst. Matsþáttur málsins er þar tekinn til úrskurðar á grundvelli 143. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Matsbeiðandi, Kristján Wendel, lýsti því yfir á bæjarþingi 3. júní sl., að hann hygðist krefjast endurmats, endurskoðunar á matsgerð eða yfirmats, en hann telur matsmenn ekki hafa metið það, er fyrir þá var lagt. Í matsgerð er hver liður í matsbeiðni reifaður og metinn fyrir sig. Matsmenn komu fyrir dóm og staðfestu matsgerð sína og svöruðu spurningum.

Niðurstaða héraðsdóms er sú, að matsmenn hafi ekki í þar greindum atriðum að fullu farið eftir matsbeiðni. Matsmenn hafa sent Hæstarétti greinargerð og skýrt sín sjónarmið varðandi þessi atriði. Þar kemur fram, að matsmenn telja sig hafa tekið á einstökum matsliðum á þann veg: a) að meta viðgerð á hverjum einstökum lið upptalningar í matsbeiðni, þar sem því varð við komið, b) þar sem viðgerð þótti óraunhæf, en talið, að matsbeiðandi hefði orðið fyrir tjóni, hafi þeir metið afslátt af kaupverði eignarinnar eða skaðabætur, c) þar sem þeir töldu óraunhæft að framkvæma breytingar eða gera við og augljóst, að matsbeiðandi hefði ekki orðið fyrir tjóni, hafi þeir ekki tekið viðkomandi atriði til mats. Síðan skýra þeir afstöðu sína varðandi hvern lið, sem héraðsdómur telur ekki fyllilega metinn. Að fengnum þessum skýringum liggur afstaða þeirra til allra liða matsbeiðninnar fyrir. Koma hin skriflega matsgerð, svör matsmanna á dómþingi, er hún var staðfest, svo og athugasemdirnar, sem síðast greindi, til skoðunar við efnismeð-

ferð málsins. Verða þeir ekki krafðir um frekara mat eða skýringar.

Hvorki Gerpír sf. né matsmenn hafa krafist þess, að hafnað verði kröfu Kristjáns Wendels í 1. lið fyrra úrskurðarins. Þegar höfð er í huga frumkvæðisskylda dómara, að því er gagnaöflun varðar, sbr. 133. gr., 3. mgr., sbr. 140. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936, ber þrátt fyrir kröfugerð hér fyrir dómi að hafna kröfulið þeim, sem nefndur var.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er úrskurður hans varðandi matsgerðina staðfestur að öðru leyti.

IV.

Héraðsdómur hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur fyrir úrlausn sinni um frest til handa Kristjáni Wendel, þar til úrlausn Hæstaréttar varðandi matsgerðina liggur fyrir.

Rétt er að ákveða Kristjáni Wendel frest til 15. október nk. til að leggja fram yfirmatsbeiðni eða gagnkröfu í málinu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Kröfum Kristjáns Wendels varðandi fyrrgreinda matsgerð er hafnað.

Málinu nr. 993/1990 á bæjarþingi Reykjavíkur er frestað til 15. október næstkomandi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í matsbeiðni í máli þessu, sem er óljós á köflum, hefur matsbeiðandinn, Kristján Wendel, farið þess á leit, að metinn verði kostnaður við tilteknar aðgerðir varðandi hina umdeildu íbúð án tillits til þess, hvort telja megí ljóst að svo komnu. að hann eigi lögvarða kröfu um þessar aðgerðir eða rétt til bóta vegna þess ástands íbúðarinnar, sem þær beinast að. Á þetta greinilega við um þá liði matsbeiðninnar, sem héraðsdómur telur matsmenn ekki hafa sinnt eins og um var beðið, og er afstaða matsbeiðanda nægilega skýr, að því

er þá varðar. Skýringar matsmanna varðandi þessa liði sýnast ekki standa því í vegi, að þeir leysi úr beiðninni að þessu leyti, eins og kunnátta þeirra leyfir. Með tilliti til þessa tel ég, að staðfesta beri úrskurð héraðsdóms um matsgerðina með vísan til forsendna hans svo og úrskurðinn um frestun aðalmálsins. Ég er sammála öðrum dómendum um kærumálskostnað.
